

# Fundur stjórnar TKÍ

Þriðjudagur 24. febrúar 2015

Fundur settur kl. 17.10

Mættir: Örn, Vania, Hlynur, Eduardo, Kolla, Magga, Rikki.

## 1. Lagabreytingar vegna íþróttamannvirkja.

Hlynur hefur lagt fram breytingar í reglugerð TKÍ varðandi mannvirki og aðbúnað fyrir taekwondo. Sveitarfélögin þurfa að taka mið af lögum og reglum sérsambanda sbr. lögum heimssambanda sbr. WTF (World Taekwondo Federation) þegar hönnun íþróttamannvirkja er í vinnslu. Umræður um innihald bréfsins, þurfum frekari upplýsingar um undirlag.

## 2. Lagabreytingar

Örn er að vinna í lagabreytingum ásamt fulltrúa frá ÍSí. Þetta ætti að verða tilbúið í vikunni.

## 3. Landsliðsþjálfari

Samþykkt að ráða Chago sem landsliðsþjálfara í sparring. Farið verður í það að útbúa samning, senda þakkarbréf á aðra umsækjendur og senda út tilkynningu á heimasíðu TKÍ.

## 4. Keppendur á HM

Sigursteinn sendi inn beiðni um að senda þrjá af sínum keppendum á HM í senior í Rússlandi. Stjórn TKÍ hefur ákveðið að nýr landsliðsþjálfari muni velja keppendur á HM, hann verður á Íslandsmótinu til að velja.

## 5. Kvörtun frá þjálfara í Ármann

Kvörtunin tekin fyrir og rædd. Kolla mun senda bréf til þann sem sendi inn kvörtunina og upplýsa um úrvinnslu. Málið er afgreitt milli aðila.

## 6. Bréf frá WTF

WTF sendi okkur bréf um að við eigum tvo fulltrúa á aðalfundi WTF sem verður haldið á HM í Rússlandi í maí. Við erum fullgildir meðlimir í WTF, greiðum árgjald og sendum keppendur á mót sem WTF halda. Hlynur verður á mótinu sem dómari og mun mæta á fundinn sem fulltrúi TKÍ.

Við gætum sótt um styrk til WTF og þarf einhver að skoða það við tækifæri.

## 7. Ranking listinn

Rætt um ranking stigin hans Meisam. Hann er með 84 stig núna.

## 8. Íslandsmót í sparring 14. og 15. mars

Íslandsmótið verður haldið í Keflavík laugardaginn 14. mars. Mótið ætti að klárast á einum degi. Samþykkt að fá Hauk í Þór til að koma og vera bardagstjóri ásamt Hlyni, Rikka og Malsim Tafa. Kolla mun hafa samband við Hauk.

Samþykkt að lækka keppnisgjöldin niður í 3500 kr. Hlynur ætla að reyna að halda dómaramámskeið. Boðsbréfið verður sent út á morgun eða fimmtudag og skráningarfrestur verður til 8. mars.

Stjórn TKÍ mun leggja sitt að mörkum því það hafa bara tveir boðið sig fram í mótanefnd. Þurfum að senda tilkynningu á ÍSÍ þegar við erum með Íslandsmót.

Andri frá afreksnefnd mætir á fund kl. 18.00

## 9. Afreksmál

Andri fer í gegnum ýmis mál sem tengjast afreksstefnu ÍSÍ og TKÍ, afrekskýrslur og ólympíusamhjálpina.

Afreksstefna ÍSÍ var samþykkt árið 2000 og í framhaldi af því þurftu samböndin að búa til sína eigin afreksstefnu. Afreksstefna sambandanna þarf að vera raunhæf og samböndin eiga að reyna að vinna eftir henni. Í stefnunni þurfa að vera ákveðnir þættir og það þarf að samþykkja stefnuna á ársþingi. TKÍ er núna að endurskoða sína stefnu og verður hún tekin til samþykktar á næsta ársþingi sem haldið verður 20. mars n.k.

Afrekssjóður ÍSÍ byggist á fjárframlögum frá ríkinu. ÍSÍ veitir svo styrk til sambandanna út frá umsóknum frá þeim. Sér sambönd fá ekki afgreitt úr afreksjóði nema samböndin hafi afreksstefnu til að vinna eftir. Íþróttamaður sem fær styrk úr afreksjóði þarf að senda inn endurskoðaða áætlun ársfjórðungslega til að sýna í hvað peningarnir fara og hvernig á að fjármagna restina. Hvað er hægt að gera til að koma á móts við íþróttamanninn t.d. lækka æfingagjöld, velja mót til að fara á, fá styrk í líkamsræktarstöð o.s.frv. Greiðslur frá afreksjóði byrja ekki að berast fyrr en endurskoðuð áætlun hefur borist.

Íþróttamaður sem fær styrk sér um að tryggja sig sjálfur. Hægt er að fá endurgreitt úr íþróttaslysasjóði hjá ÍSÍ ef þess þarf.

Afleiðingar: Íþróttamaður gæti þurft að endurgreiða styrk ef hann stendur ekki við sinn hluta samningsins eða hann hættir að fá styrk.

Meisam og Unnur mæta á fund kl. 18.25

## **10. Ólympíusamhjálpin:**

TKÍ sótti um styrk úr ólympíusamhjálpinni fyrir Meisam í sumar og í október kom í ljós að hann fékk styrkinn. Samningurinn byrjaði að telja frá 1. september þannig að fyrsta greiðsla frá ÍSÍ barst í janúar. Fylla þarf út skýrslu til ÍSÍ sem dekkar tímabilið september - desember. Meisam ásamt félaginu hans (Ármann) þarf að fylla út þessa skýrslu en TKÍ ber ábyrgð á því að skýrslunni sé skilað. Sækja þarf um styrki hjá ÍBR, Ármanni og víðar.

Mikilvægt er að íþróttamaðurinn, félagið og sambandið vinni saman og upplýsi hvert annað um ganga mála.

Mikilvægt að næsta stjórn fái upplýsingar um samvinnuna svo stjórnarskipti hafa ekki áhrif á Meisam og hans undirbúning.

Andri, Meisam og Unnur fara af fundi kl. 19.15

## **11. Daedo brynjur og utanumhald**

Lagt er til að borga umsjónarmanni til að sjá um Daedo-kerfið, þetta er dýrt kerfi og það þarf að passa vel upp á þetta. Umsjónarmaðurinn þarf að mæta á öll mót og sjá um kerfið, hann lagar ef það bilar o.s.frv. Samþykkt af stjórn. Tillaga um 100.000 kr. fyrir árið 2015 samþykkt.

## **12. Önnur mál**

Búið er að bjóða Hlyni að dæma á nokkrum mótum t.d. HM í Rússlandi, EM í Rússlandi, úrtökuæfingar fyrir Ólympíuleikana og á Evrópuleikana í Baku. Þurfum að taka ákvörðun um hvort stjórnin styrki hann til að fara á mótin.

Fundi slitið kl. 20.35

Fundargerð ritaði Margrét Sigurvinsdóttir